

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndaritari.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Det Islandske Advokatsamfund
The Icelandic Bar Association

Reykjavík 20. nóvember 2003.

Umsögn Laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann) 130. löggjafarþing 2003-2004, þskj. 10 – 10. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og fylgja hér athugasemdir og ábendingar nefndarinnar.

Með frumvarpinu er lögð til mikilvæg breyting á lögum um meðferð opinberra mála. Sú íhlutun lögreglu í einkalíf fólks, sem mælt er fyrir um að heimila í frumvarpinu, lýtur að mikilvægum mannréttindum þeirra, sem hlut eiga að máli, þ.e. bæði þolenda heimilsofbeldis, svo og gerenda, sem viðhafa ofbeldi innan veggja heimilisins. Ljóst er að flutningsmönnum frumvarpsins er ljós vandinn sem felst í því að aðgerðir lögreglu beinast að því að svipta gerendurna tímabundið réttinum til friðhelgi heimilisins og reyndar einnig stjórnarskrárvörðum eignarrétti. Laganefnd er hins vegar sammála þeirri afstöðu sem felst í frumvarpinu, að við mat á hagsmunum annars vegar gerenda og hins vegar þolenda verði hagsmunir þeirra síðarnefndu að vega þyngra á metunum. Sér því laganefnd ekki stjórnskipulega annmarka á frumvarpinu á þann veg að það stríddi gegn ákvæðum 71. og 72. gr. stjórnarskrár, ef af lögum yrði. Ljóst er hins vegar, að ýtrustu gát verður að viðhafa við það hagsmunamat.

Þar sem heimild til brottvísunar og heimsóknarbanns viku til hliðar stjórnarskrárvörðum réttindum þess, sem brottvísunin og heimsóknarbannið beinist gegn, er brýnt að vel sé hugað að réttaröryggissjónarmiðum, þegar heimildinni er beitt. Mikilvægt hagsmunamat er lagt á herðar lögreglu, sem brýnt er að hljóti hið fyrsta meðferð fyrir dómstólum. Afstaða laganefndar er því sú að mæla með lögfestingu frumvarpsins með þeirri breytingu á 2. m. 3. mgr. 2. gr., að lögreglu verði skylt að vísa ákvörðun um brottvísun og heimsóknarbann til héraðsdómara innan eins sólarhrings. Á sá frestur að vera nægilegur fyrir lögreglu til að leggja ákvörðunina fyrir héraðsdóm. Hinir brýnu hagsmunir sem í húfi eru knýja á um að ákvörðuninni verði vísað til héraðsdóms án tafar. Þá er um að ræða sama frest og lögregla hefur til að leiða handtekinn mann fyrir dómara samkvæmt 67. gr. stjórnarskrár og þykir Laganefnd ástæða til að hafa hliðsjón af þeim fresti í þessu tilviki.

Lokamálsliður 2. mgr. er að mati laganefndar of opin og óljós og takmarkast ekki við líkamlegt og andlegt ofbeldi samkvæmt orðanna hljóðan. Þrátt fyrir að beiting heimildarinnar sé í höndum lögreglu en ekki þeirra sem beint eiga hlut að máli og að ætla verður lögreglu yfirvöldum að beita heimildinni af yfirvegum og í samræmi við upphaflegan tilgang þess, telur laganefnd varhugavert að skilgreina með of rúmum hætti þau tilvik, þar




sem til greina kemur að beita jafn viðurhlutamiklu úrræði og brottvísun og heimsóknarbann er. Telur nefndin nauðsynlegt í þessu skyni að þrengja nokkuð inntak síðustu tveggja linanna í 2. mgr. 2. gr., sem hefjast á orðunum “... eða sýni framferði, sem spillir ...”

Í lokamálslið 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins telur laganefnd að til greina komi eitt af þrennu, að héraðsdómari staðfesti brottvísun eða heimsóknarbann, felli það niður eða breyti ákvörðun lögreglu. Lokamálsliðurinn hljóði því þannig: “... sem skal kanna ástæður fyrir henni og staðfesta ef rökstuðningur er fullnægjandi, en fella niður eða breyta að öðrum kosti.”

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands


Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður